



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - Aðstaða við biðstöð Strætó á Suðurlandsbraut (US190079).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs var eftirfarandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar samgöngustjóra:

Flokkur fólksins leggur til að þegar farið verður í framkvæmdir á Vegmúla fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur verði jafnframt litið til þeirrar hættu fyrir fatlaða og blinda sem stafar af þeim gangstígum og hjólabrautum norðan megin við Suðurlandsbraut gengt Vegmúla. Þessar aðstæður eru þannig að þær reynast fötludum og blindum einstaklingum afar erfiðar. Það er engin gangstétt með fram götunni, heldur verða vegfarendur að ganga niður í hvilft og svo upp aftur til að komast að gönguljósum yfir Suðurlandsbraut í átt að Vegmúla. Vegmúlinn er ekki hannaður fyrir gangandi og frekar erfiður fyrir hjólréiðafólk jafnframt, nema það nýti sér götuna. Aðeins neðri helmingur Vegmúlans er með gangstéttir, hinn helmingur bílastæði. Þetta getur reynst blindu fólki sérstaklega erfitt yfirferðar og beinlínis hættulegt. Annað sem jafnframt þarf að gaumgæfa er að hljóðið í gönguljósinu heyrir afar illa þegar hvasst er í veðri og alls ekki þegar út á miðja götu er komið. Því er nauðsynlegt að skoða þessi gatnamót í heild sinni þegar framkvæmdir hefjast við Vegmúla. Flokkur fólksins leggur til að þessum framkvæmdum verði flýtt þar sem hér eru um frekar hættulegt svæði að ræða með tilliti til fatlaðrar og blinda.

Tekið er undir mikilvægi þess að tryggja öryggi allra vegfarenda á svæðinu. Gangstétt meðfram Suðurlandsbraut milli biðstöðvar Strætó og gönguljósanna er á lista yfir umferðaröryggisaðgerðir næstu ára. Umferðaröryggisaðgerðum í Reykjavík er forgangsraðað og takmarkaður fjöldi getur komið til framkvæmda á hverju ári. Því er ekki víst að unnt verði að bæta við gangstétt áður en umfangsmeiri breytingar verða gerðar á svæðinu í tengslum við endurhönnun götunnar.

Vinna stendur yfir við gerð nýs skipulags fyrir svæðið og hönnun Borgarlínu sem mun liggja um Suðurlandsbraut. Ekki er stefnt að því að gera teljandi breytingar í nágrenni Suðurlandsbrautar fyrr en nýtt skipulag svæðisins liggur fyrir og þá í tengslum við endurhönnun götunnar og aðliggjandi svæða fyrir Borgarlínu. Breytingar á bílastæðum og gangstétt norðan Vegmúla verður að skoða í tengslum við nýtt skipulag. Fyrir þann tíma

kunna þó að vera gerðar breytingar á leyfilegum hámarkshraða á svæðinu.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri